Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Akureyrarbær
Geislagata 9
600 Akureyri

19. júní 2019
MÍ201905-0095/ 6.06/ 4642

Eyrarlandsvegur 31, Akureyri – deiliskipulagsbreyting, niðurrif

Með bréfi dagsettu 22. maí 2019 leitar Margrét M. Róbertsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála hjá Akureyrarbæ, eftir áliti Minjastofnunar Íslands vegna tillögu að deiliskipulagsbreytingu, *Menntaskólinn á Akureyri og aðliggjandi íbúðasvæði.* Með erindinu fylgir uppdráttur Landslags ehf., dagsettur 22.05.2019, sem sýnir breytingartillöguna. Tillagan gerir ráð fyrir að húsið við Eyrarlandsveg 31 verði rifið, byggingarreitur fyrir nýtt hús á lóðinni stækkaður og heildarbyggingarmagn aukið.

Eyrarlandsvegur 31 er tvílyft steinsteypt hús, kjallari og ris. Skv. Fasteignaskrá er það byggt árið 1923. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er eigendum húsa sem byggð voru 1925 eða fyrr skylt að leita álits Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja eða rífa. Eins og fram kemur í húsakönnun um svæðið frá árinu 2016, er húsið hluti af einsakri húsaröð og götumynd Eyrarlandsvegar 27-35 sem hefur varðveislugildi. Ákveðinn hrynjandi er í staðsetningu húsanna á lóðum, fjarlægð á milli þeirra og fjarlægð húsanna frá götu. Auk þess er mikið samræmi í hæð húsanna, þakformi og gluggasetningu sem gerir götumyndina sterka.

Í umsögn dagsettri 8. janúr 2019, mælir Minjastofnun Íslands ekki með því að húsið verði rifið þótt gera megi á því breytingar og endurbætur.

Minjastofnun Íslands ítrekar niðurstöðu fyrri umsagnar og mælir ekki með niðurrifi hússins. Stofnunin telur mikilvægt að leitast verði við að viðhalda útliti hússins og upphaflegum stíleinkennum þannig að núverandi ásýnd þess í götumynd Eyrarlandsvegar haldist sem minnst breytt. Þannig verði ekki höggvið skarð í götumyndina með því að breikka byggingarreit að norðanverðu eins og tillagan sýnir, heldur verði lögð áhersla á að varðveita samræmda og taktvissa götumynd við Eyrarlandsveg. Minjastofnun gerir ekki athugasemd við að byggingarreiturinn verði stækkaður til suðurs eða breikkaður að sunnanverðu. Komi í ljós fornminjar við uppgröft skal stöðva framkvæmdir og tilkynna Minjastofnun um fundinn án tafar.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Sædís Gunnarsd.
Sædís Gunnarsdóttir
minjavörður Norðurlands eystra

María Gísladóttir
María Gísladóttir
arkitekt, verkefnastjóri

Afrit í tölvupósti:
Pétur Ingi Haraldsson (peturingi@akureyri.is)
Leifur Þorsteinsson (leifur@akureyri.is)

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33.,, 34. og 35. eru kæranlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. mennta- og menningarmálaráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin. Skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.